

Niðurstöður kennslumats á haustönn 2018


Könnunin fór fram í kennslumatskerfi INNU eins og undanfarnar annir. Gæðastjóri og sviðsstjóri bóknáms gerðu tillögur um hvaða áfanga skyldi meta og deildastjórar fóru yfir þá lista að höfðu samráði við kennara sinna deilda. Nokkrar athugasemdir bárust í framhaldinu og var tekið tillit til þeirra áður en opnað var fyrir matið. Almennt er miðað við að allir áfangar séu metnir aðra hvora (eða þriðju hverja) önn en stundum eru áfangar þó metnir margar annir í röð; til dæmis ef tekið hefur verið í notkun nýtt námsefni, nýjar kennsluaðferðir eru reyndar eða ef áfangi er kenndur af nýjum kennara.

Kennslumatið fór að þessu sinni fram dagana 3. til 18. október. Kennarar voru sem fyrr beðnir um að gefa nemendum hluta kennslustundar til að framkvæma matið. Í ljósi reynslu fyrri anna var hinsvegar horfið frá því að bjóða nemendum aðstöðu í tölvuveri til að meta, þar sem reynslan sýnir að nemendur nota undantekningalítið snjallsíma eða eigin tölvu til að svara slíkum könnunum.

Svarhlutfall tók að þessu sinni góðan kipp upp á við frá síðustu önnum og reyndist vera 52,6% þegar upp var staðið. Ljóst er samt að við þurfum enn að bæta okkur til að reyna að ná upp svarhlutfalli og eru uppi áform um að virkja sjálfsmatsteymi skólans í vinnu sem snýr að því að einfalda matið og þá einkum að fækka spurningum.

Alls voru 70 áfangar metnir að þessu sinni og hóparnir voru 112. Kynjaskipting nú var þannig að rétt rúm 60% svarenda voru konur og tæp 40% karlmenn. Kynjahlutföllin í skólanum á þessari önn voru þannig að konur voru 56,7% allra skráðra dagskólanemenda við skólann og karlar 43,3%.


Hér má sjá svörun síðustu annir og er sem fyrr segir gaman að sjá að svörun fer upp á við að nýju.



Kynjaskipting þátttakenda:

Kyn

Karl	375	39,7%
Kona	569	60,3%



Hér á eftir eru svör nemenda við einstökum spurningum settar fram á myndrænan hátt. Hér eru aðeins birt svör þeirra sem afstöðu tóku nema í þeim tilfellum sem sá hópur sem ekki tók afstöðu var stærri en 10%.

Ég mæti vel í kennslustundir

Mjög ósammála	15	1,6%
Frekar ósammála	92	9,8%
Frekar sammála	329	35,1%
Mjög sammála	501	53,5%




Ég fylgist vel með og vinn verkefni samviskusamlega

Mjög ósammála	12	1,3%
Frekar ósammála	50	5,4%
Frekar sammála	303	32,8%
Mjög sammála	558	60,5%




Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga

Mjög ósammála	42	4,5%
Frekar ósammála	99	10,6%
Frekar sammála	346	37,0%
Mjög sammála	449	48,0%




Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.

Mjög ósammála	64	7,1%
Frekar ósammála	115	12,7%
Frekar sammála	305	33,7%
Mjög sammála	422	46,6%




Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans

Mjög ósammála	31	3,4%
Frekar ósammála	61	6,7%
Frekar sammála	333	36,8%
Mjög sammála	480	53,0%




Áætlaðu hvað margar klukkustundir á viku þú notar í heimavinnu í áfanganum (lestur, verkefnavinna o.þ.h.)

0 - 1	238	25,2%
1 - 2	302	31,9%
2 - 3	242	25,6%
3 - 4	96	10,1%
4 - 5	44	4,7%




Áfanginn er vel skipulagður

Mjög ósammála	32	3,4%
Frekar ósammála	60	6,5%
Frekar sammála	352	37,8%
Mjög sammála	486	52,3%




Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)

Mjög ósammála	54	6,3%
Frekar ósammála	106	12,3%
Frekar sammála	340	39,5%
Mjög sammála	360	41,9%




Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.

Mjög ósammála	37	4,1%
Frekar ósammála	63	7,0%
Frekar sammála	307	34,1%
Mjög sammála	493	54,8%




Námsmat byggt á skyndiprófum/hlutaprófum/kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni

Mjög ósammála	34	3,6%
Frekar ósammála	80	8,5%
Frekar sammála	320	34,0%
Mjög sammála	362	38,5%
Á ekki við/veit ekki	145	15,4%




Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans

Mjög ósammála	24	2,5%
Frekar ósammála	46	4,9%
Frekar sammála	343	36,3%
Mjög sammála	427	45,2%
Á ekki við/veit ekki	104	11,0%




Vinnuálag áfangans er hæfilegt

Mjög ósammála	25	2,7%
Frekar ósammála	66	7,2%
Frekar sammála	354	38,6%
Mjög sammála	471	51,4%




Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður

Mjög ósammála	14	1,5%
Frekar ósammála	38	4,2%
Frekar sammála	308	34,0%
Mjög sammála	547	60,3%




Útskýringar og fyrirmæli eru skýr

Mjög ósammála	58	5,9%
Frekar ósammála	75	7,6%
Frekar sammála	272	27,7%
Mjög sammála	577	58,8%




Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir

Mjög ósammála	28	2,9%
Frekar ósammála	33	3,4%
Frekar sammála	223	23,1%
Mjög sammála	680	70,5%




Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér

Mjög ósammála	32	3,3%
Frekar ósammála	41	4,3%
Frekar sammála	209	21,7%
Mjög sammála	680	70,7%




Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka

Mjög ósammála	44	4,4%
Frekar ósammála	30	3,0%
Frekar sammála	255	25,5%
Mjög sammála	576	57,6%
Á ekki við/veit ekki	95	9,5%




Verkefnum/ritgerðum/o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/uppgjgjandi athugasemdum

Mjög ósammála	35	3,5%
Frekar ósammála	58	5,8%
Frekar sammála	268	27,0%
Mjög sammála	491	49,4%
Á ekki við/veit ekki	142	14,3%




Hæfilegur agi er í kennslustundum

Mjög ósammála	38	3,9%
Frekar ósammála	45	4,7%
Frekar sammála	252	26,1%
Mjög sammála	631	65,3%




Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni

Mjög ósammála	59	5,9%
Frekar ósammála	103	10,4%
Frekar sammála	272	27,4%
Mjög sammála	502	50,5%
Á ekki við/veit ekki	58	5,8%




Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir

Mjög ósammála	21	2,2%
Frekar ósammála	32	3,3%
Frekar sammála	215	22,1%
Mjög sammála	704	72,4%



Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga (Moodle)


Mjög ósammála	56	5,6%
Frekar ósammála	57	5,7%
Frekar sammála	235	23,5%
Mjög sammála	583	58,2%
Á ekki við/veit ekki	70	7,0%




Samanburður milli ára.

Spurningarnar í þessari könnun skiptast í þrjá flokka þar sem spurt er um áfangann sem slíkan, kennsluna í áfanganum og loks er nemandinn að meta eigið nám og frammistöðu. Hér eru töflur sem sýna svör nemenda í þessum flokkum og síðan sömu gögn sett fram á stöplarit.


Leggðu mat á áfangann	Haust 17	Vor 18	Haust 18
Aðstaða til náms og kennslubúnaður er góður	3,6	3,6	3,6
Áfanginn er vel skipulagður	3,5	3,5	3,4
Ég er ánægð/ur með námsbók/-bækur áfangans (lesefni)	3,4	3,3	3,3
Ég er ánægð/ur með námsgögn þ.e. glærur, verkefni o.þ.h.	3,5	3,4	3,5
Mér finnst samræmi milli prófa/verkefna og kennslu/markmiða áfangans	3,7	3,6	3,6
Námsmat byggt á skyndiprófum/ hlutaprófum/ kaflaprófum gefur rétta mynd af námsstöðu minni	3,6	3,5	3,5
Vinnuálag áfangans er hæfilegt	3,4	3,4	3,4
Meðaltal	3,5	3,5	3,5



Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Haust 17	Vor 18	Haust 18
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,4	3,3	3,4
Hæfilegur agi er í kennslustundum	3,6	3,5	3,6
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni, leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfanga	3,6	3,6	3,6
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslustundir	3,6	3,6	3,7
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	3,6	3,6	3,7
Útskýringar og fyrirmæli eru skýr	3,4	3,4	3,4
Verkefnum/ ritgerðum/ o.s.frv. er skilað með leiðbeiningum/ uppbyggjandi athugasemdum	3,7	3,7	3,7
Verkefnum/ritgerðum/prófum o.s.frv. er skilað til baka innan eðlilegra tímamarka	3,7	3,6	3,6
Meðaltal	3,6	3,6	3,6




Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Haust 17	Vor 18	Haust 18
Ég fylgist vel með og vinn verkefni samvisskusamlega	3,6	3,4	3,6
Ég hef kynnt mér kennsluáætlun áfangans	3,4	3,5	3,5
Ég mæti vel í kennslustundir	3,5	3,3	3,4
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,4	3,2	3,3
Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga	3,4	3,3	3,3
Meðaltal	3,5	3,3	3,4



Tölur í þessum töflum/myndum eru fengnar þannig að svörum nemenda eru gefin gildin 1 (mjög ósammála) upp í 4 (mjög sammála) og meðaleinkunn síðan reiknuð fyrir hverja spurningu. Lægstu einkunnir eru í flokknum þar sem nemendur leggja mat á eigið nám. Þar fengu fullyrðingarnar „Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi“ og „Mér finnst ég hafa lært mikið í þessum áfanga“ sem báðar fengu einkunnina 3,3. Sömu einkunn (3,3) fékk ein spurning úr þeim flokki sem snýr að áfanganum og sneri sú að námsbók/-bókum áfangans. Almennu voru lægstu einkunnirnar í flokknum sem snýr að nemandanum og meðaleinkunn í þeim flokki var 3,4 meðan staðhæfingarnar sem fengu hæstu einkunnir voru flokknum þar sem kennslan var metin. Ánægjulegt er að spurningar um stundvísi kennara, undirbúning þeirra og verkefnaskil fengu hæstu einkunn (3,7) og spurningin um viðmót gagnvart nemendum fékk einkunnina 3,6 eins og undanfarnar annir.

Raddir nemenda

Nemendur sem svöruðu könnuninni voru beðnir um að gefa kennurum einkunn á skalanum 1 – 10. Þær einkunnir má sjá í töflunni hér fyrir neðan sem sýnir samanburð við tvær fyrri annir. Einkunnirnar skera sig ekkert úr og áfram gefa flestir einkunnina 10. Meðaleinkunn var 8,4 eins og á síðustu önn.



Loks voru nemendur beðnir að svara að tveimur opnum spurningum. Spurt var: „Hvað finnst þér best við áfangann?“ og „Hvað finnst þér að betur mætti fara í áfanganum?“ Nemendur svara þar með eigin orðum og kennir þar margra grasa. Flest svörin eru skýr og málefnaleg en í stöku svari örlar þó á pirringi. Mikilvægt er kennarar lesi þessi svör með opnum huga og taki bæði lofi og lasti með jafnaðargeði.

Lokaorð

Kennslumat/áfangamat er framkvæmt í samræmi við VII. kafla framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem kveðið er á um að skólar meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Tilgangur slíks mats er margþættur en helst er að nefna:

- Kennarar fá mikilvæga endurgjöf á störf sín og geta í framhaldinu hlúð að styrkleikum og bætt úr veikleikum.
- Stjórnendur fá upplýsingar þannig að þeir geta veitt kennurum stuðning, hrósað þeim ef það á við og hvatt þá til dáða eða úrbóta ef þess er þörf.
- Nemendur fá tækifæri til að segja sitt álit og hafa þannig áhrif á kennslu og skólastarf.
- Loks er ávinningur fyrir skólann að geta borið saman áfangana milli anna og ára og fylgst þannig með breytingum og þróun sem verða í kennslu og kennsluháttum.

Að þessu sinni var ákveðið að framkvæma matið og úrvinnslu þess fyrr en venjulega eða um miðja önn þannig að upplýsingar sem fengjust gætu gagnast kennara meðan þeir eru enn að kenna viðkomandi áfanga. Það ætti líka að tryggja að stjórnendur hafa í höndunum nýjustu gögn til að styðjast við í starfsmannasamtölum eða annarri vinnu með kennurum. Loks er mikilvægt að kennarar taki til greina athugasemdir sem þeir telja að eigi rétt á sér og spegli þær í kennslu sinni og sýni nemendum þannig í verki að kennslumat hefur tilgang og skilar sér í bættu skólastarfi.